

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag á Akranesi.

*Breyting á deiliskipulagi Flatahverfis, klasi 1 og 2, Bakkaflöt og Dalsflöt.*

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 20. apríl 2004, var samþykkt deiliskipulagsbreyting í klasa 1 og 2 í Flatahverfi á Akranesi.

Breytingin felst í að breyta lóðunum Bakkaflöt 1, 3, 5 og 7 og Dalsflöt 2, 4, 6 og 8 úr einbýlishúsalóðum í tvær raðhúsalóðir Bakkaflöt 1, 3, 5, 7 og 9 og Dalsflöt 2, 4, 6, 8 og 10. Reist verði 5 íbúða raðhús á einni hæð á hvorri lóð.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var auglýst skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

*Akranesi, 24. ágúst 2004.*

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar,

**Þorvaldur Vestmann.**